



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta aðgerðaáætlun um einföldun regluverks, 143.mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 20. janúar þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreinda þingsályktunartillögu. Samtökin fagna tillögunni og hvetja til þess á að hún nái fram að ganga.

SA leggja áherslu á:

- **Að ráðist verði í samkeppnismat á fleiri sviðum atvinnulífs.**
- **Að lagt verði mat á efnahagsleg áhrif lagafrumvarpa.**
- **Að tilkynningarskylda verði tekin upp í ríkari mæli í stað leyfisskyldu.**

Mikilvægt er að atvinnulífið búi við skýrar og góðar leikreglur og að almenningur, hið opinbera og önnur fyrirtæki séu vel varin gagnvart ólögmati háttsemi í atvinnurekstri. Lagaumhverfi og eftirlit má hins vegar ekki vera of íþyngjandi. Slíkt eykur kostnað fyrirtækja sem minnkar svigrúm þeirra til launahækkana og veikir samkeppnishæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Veikari samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs leiðir til þess að störf verða færri en ella og starfsöryggi minna. Fyrirtæki skila þá minni skatttekjum sem gerir það að verkum að hið opinbera verður verr í stakk búið til að standa undir grunnþjónustu sinni við almenning. Einföldun laga- og eftirlitsumhverfis atvinnulífsins er því hagsmunamál allra landsmanna og nauðsynlegur þáttur til bæta kjör og tryggja næga atvinnu.

Í stjórnarsáttmálum undanfarinna ríkisstjórna hefur verið lögð áhersla á einföldun regluverks og voru stigin skref í þá veru af hálfu atvinnuvegaráðuneytis árið 2020 þegar ráðuneytið fékk OECD til að gera samkeppnismat á regluverki íslensks byggingariðnaðar og íslenskri ferðaþjónustu. Í niðurstöðuskýrslu mátti finna 438 tillögur til breytinga á íslensku regluverki til einföldunar og aukinnar samkeppnishæfni. SA fögnuðu þessari vinnu og hafa lagt til að sambærilegt mat fari fram í öðrum atvinnugreinum og studdu þingsályktunartillögu um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki árið 2020.

Við gerð lagafrumvarpa er í fáum tilvikum lagt mat á efnahagsleg áhrif lagasetningar en mat á áhrifum á ríkissjóð og kynjajafnrétti er almennt fyrir hendi. SA leggja mikla áherslu á að við fyrirhugaða lagasetningu fari alltaf fram efnahagslegt mat á áhrifum hennar og mögulegum afleiðingum eða ávinningi fyrir atvinnulífið.



SA hafa lagt hvatt til þess að ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur verði falið að fara yfir öll lagaákvæði þar sem mælt er fyrir um leyfisveitingar fyrir atvinnustarfsemi og gera tillögur um í hvaða tilvikum megi breyta lögum þannig að tilkynning til eftirlitsaðila um að starfsemi sé að hefjast dugi. Ýmis einföld starfsemi ætti hvorki að þurfa að vera tilkynningarskyld né leyfissskyld.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er komið inn á innleiðingu EES gerða og taka SA undir þau sjónarmið sem þar má finna. Að mati SA ætti að vera lögbundið við innleiðingu EES gerða að ekki verði með stjórnarfrumvörpum eða reglugerðum farið umfram lágmarkskröfur gerðanna, gildissvið verði ekki víðtækara en gerðanna, allar ívilnandi undanþágur verði nýttar og allar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum verði afnumdar. Ef ástæða þyki til að hverfa frá þessu skuli vekja sérstaka athygli á því og það rökstutt í greinargerð eða á Samráðsgátt stjórnvalda.

Fjöldmörg tækifæri eru til að einfalda regluverk atvinnulífsins og hér að framan eru aðeins nefnd nokkur dæmi um hvernig mögulegt er að ná því markmiði. Tímasett aðgerðaáætlun og sértækar aðgerðir sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni eru mikilvægar í því skyni. SA styðja því að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir